

Þvi dæmist rjett að vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, Magnús Jóhannesson og Þorsteinn Stefán Helgi Gottskálksson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningsglaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 20 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúar 1919.

Nr. 73/1919:

Metúsalem Jóhannsson  
fyrir hönd h.f. »Gissur hvíti«  
gegn  
Ingimundi N. Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Ingimundur N. Jónsson sjómaður til heimilis á Lindargötu 23 hér í bænum fyrir sjórjetti Reykjavíkur gegn Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra hjer í bænum fyrir hönd hlutafjelagsins »Gissur hvíti«, og gerði hann fyrir sjórjettinum þær kröfur, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess fyrir fjelagsins hönd að greiða sjer eftirstöðvar af kaupi og fæðispeningum sem vjelstjóra á mótorbátinum »Geir goða«, eign nefnds hlutafjelags, 164 kr. 50 a.

ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 30. okt. 1917 til greiðsludags, að viðurkendur yrði með dómi sjóveðrjettur hans í mótorbátnum fyrir greindri upphæð og að honum yrði dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Metúsalem Jóhannsson krafðist þess hinsvegar fyrir sjórjettinum, að hann yrði fyrir fjelagsins hönd algerlega sýknaður af kröfum sækjanda og jafnframt höfðaði hann gagnsök á hendur honum og krafðist þess að hann yrði dæmdur til þess að greiða sjer fyrir hönd tjeðs hlutafjelags 793 kr. 75 a. fyrir skemdir á vjelinni í mótorbátnum »Geir goða« o. fl. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 15. nóv. 1917 til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Málum þessum lauk svo fyrir sjórjettinum með dómi, uppkveðnum 27. júlí f. á., að Metúsalem Jóhannsson f. h. h.f. »Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða Ingimundi 164 kr. 50 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og sjóveðrjettur sækjanda í hjeraði viðurkendur í mótorbátnum «Geir goða» fyrir þeirri upphæð. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað í aðalsök og gagnsök.

Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f. h. h.f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnudags. 7. des. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina. Svo krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Af sinni hálfu hefur stefndi Ingimundur N. Jóns-

son krafðist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir að haustið 1916 rjeddst stefndi sem vjelstjóri á móturbátinn »Geir goða«, eign hlutafjeldagsins »Gissur hvíti«, fyrir árið frá 15. sept. 1916 til jafnlengdar 1917 með skriflegum samningi dags. 17. sept. 1916 gegn 150 kr. kaupi á mánuði auk fæðis. Um mánaðamótin nóvember og desember 1916 ljet stefndi eftir læknisráði af þessu starfi og var lögskráður úr skiprúmi 8. des. s. á. Telur stefndi að sjer beri kaup fyrir tímabilið frá 15. sept. til 8. des. 1916, að báðum dögum meðtöldum, samtals 420 kr.; svo telur hann sig nafa lagt sjer til fæði dagana 15. — 27. sept., er hann reiknar kr. 1.50 á dag, eða alls 19 kr. 50 a., og hafi sjer því borið alls 439 kr. 50 a. hjá nefndu hlutafjelagi. Uppi þetta viðurkennir stefndi að hafa fengið 275 kr., og eigi hann þannig ógreiddar 164 kr. 50 a., og er það sú upphæð, sem hann hefur fengið dóm fyrir í undirrjetti.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi eigi gengt vjelstjórastarfinu á »Geir goða« lengur en til 20. nóv. 1916, og beri honum því ekki kaup nema fyrir tímenn frá 15. sept. til 19. nóv., og byggir hann þetta á því, að það sje berlega tekið fram í ráðningarsamningnum 27. sept. 1916, að stefndi skuli einungis fá kaup meðan hann gegni starfinu sem vjelstjóri, en þótt svo sje ákveðið í samningnum að stefndi fái kaup fyrir hvern almanaksmánuð, »sem hann gegnir áðurgreindu starfi« ∴ vjelstjórastarf-

inu, verður ekki álitid að samningsaðilar hafi viljað víkja frá beinum ákvæðum siglingalaganna 30. nóv. 1914 í þessu efni, sbr. 95. gr. þeirra um kaup háseta, er sýkist án þess að hann sje sjálfur valdur að veikinni, en samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ber stefnda kaup þar til hann var skráður úr skipi. Kaupkröfu stefnda ber því að taka til greina.

Áfrýjandi hefur neitað því að stefnda beri fæðispeningar nema fyrir 10 daga, og telur þá fullhált setta kr. 1,20 á dag. En þar sem hann hefur ekki haldið því fram, að stefndi hafi fengið fæði á skipinu nokkurn dag frá 15.—27. sept. eða á annan hátt gert grein fyrir á hverju neitun hans er byggð, og þar sem einnig verður að ætla að karlmannsfæði í sept. 1916 sje ekki of hátt reiknað kr. 1,50 á dag, verða mótmæli áfrýjanda gegn fæðispeningakröfunni ekki tekin til greina.

Í gagnsökinni telur áfrýjandi að stefndi hafi sýnt svo mikið hirðuleysi og vankunnáttu við stjórn og gæslu vjelarinnar í mótorbátnum »Geir goða«, þann tíma er hann gætti hennar, að glatast hafi og eyðilagst stykki úr henni, og auk þess hafi stefndi glatað og eyðilagt aðra muni, og nemi þetta svo miklu að stefndi eigi að greiða blutafjelaginu »Gissuri hvíta« kr. 793,75 í skaðabætur í stað þess að telja til skuldar hjá fjelaginu. Hefur hann lagt fram í málinu sundurliðaðan reikning yfir viðskipti stefnda og fjelagsins, er sýnir þessa útkomu. Verða nú hinir ýmsu liðir reiknings þessa teknir til athugunar.

Áfrýjandi telur stefnda til gjalda kr. 1,90, sem

kostnað við lögskráningu. Þessum gjaldlið hefur stefndi ekki sjerstaklega mótmælt, og ber þá að taka þennan lið til greina.

Þá hefur áfrýjandi krafist 50 kr. skaðabóta hjá stefnda fyrir það, að hann hafi brent 3 göt á stór-segl bátsins, og skýrir áfrýjandi svo frá, að stefndi hafi kastað logandi tvisti út úr mótörhúsinu í stór-seglið. Gegn eindreginni neitun stefnda er það þó eigi sannað, að hann sje valdur að skemdum þessum, og verður því þessi liður gagnkröfunnar eigi tekin til greina.

Þá hefir áfrýjandi krafist 35 kr. fyrir hlifarsegl yfir ljósskáp á hásetaklefa, er stefndi hafi sett fyrir borð. Hefur eitt vitni skýrt frá, að seglið hafa tapast með þeim hætti, að stefndi hafi notað það á reyk-háfinn; við Vestmaneyjar hafi stefndi tekið seglið af reykháfnunum, og kastað því á mótörhúsið, en þaðan hafi stormur tekið það og feykt því útbyrðis. Stefndi hefur að visu neitað því, að hann hafi verið valdur að því, að seglið tapaðist, en með því að hann hef-ir ekki mótmælt skýrslu vitnisins um atvikin að því hvernig seglið tapaðist, verður að telja hana rjetta. Og með því að það verður að teljast ófor-svaranlegt gáleysi af honum að koma ekki seglinu fyrir á óhultan stað, er hann tók það af reykháfn-um, verður að dæma hann til þess að greiða verð þess, og þar sem hann hefur ekki fært rök fyrir, að hið umkrafiða verð sje óhæfilega hátt, ber að dæma hann til að bæta það með 35 kr.

Þá hefur áfrýjandi krafist 20 kr. bóta fyrir

rennihurð frá mótörhúsinu, en hún tæpaðist með þeim hætti, að stefndi tók hana frá mótörhúsinu, og lagði hana á þilfarið, en þar tók sjór hana út. Stefndi afsakar sig með því, að hann hafi orðið að taka hurðina frá til að fá loft inn í mótörhúsið, með því að engin loftrás hafi verið í því, en með því að það verður að teljast skylda hans, er hann tók hurðina frá mótörhúsinu, ekki síst þar sem veður var vont, að koma hurðinni fyrir á óhultan stað, verður að dæma hann til að greiða verð hennar með 20 kr., sem áfrýjandi hefur krafist.

Þá hefur áfrýjandi krafist bóta fyrir skiftilykil og þjöl, er tapast hafi, samtals 18 kr. 85 a., en með því að það hefur eigi sannast á hvern veg munir þessir hafa tapast, eða að það sje vangeymisu stefnda að kenna, verður hann ekki látinn bera ábyrgð á því.

Þá krefst áfrýjandi bóta af stefnda fyrir skemdir, er vjelin í skipinu, gaskúluhlíf og glóðarkúlur hafi orðið fyrir, meðan stefndi gætti vjelarinnar, samtals 730 kr. en gegn neitun stefnda hefur áfrýjandi eigi sannað, að stefndi hafi gert sig sekan í skeytingarleysi eða sýnt vankunnáttu í stjórn vjelarinnar, enda hefur skipstjórinn á „Geir goða“ og annar maður, er var á skipinu, borið það sem vitni í málinu, að stefndi hafi gegnt starfi sínu með áhuga og dugnaði, og að vjelin hafi verið í góðulagi þann tíma, sem stefndi gætti hennar. Það er því ekki heimild til að dæma stefnda til skaðabóta fyrir umræddar skemdir á vjelinni.

Samkvæmt framansögðu ber frá kaupkröfu stefnda

kr. 164,50, að draga kostnað við lögskráningu kr. 1,90, bætur fyrir hlífarsegl 35 kr. og bætur fyrir rennihurð 20 kr., samtals kr. 56,90, og ber þannig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 107 kr. 60 a. með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi og hefur stefndi sjóveðrjett fyrir þessari upphæð í mótör bátnum »Geir goða«. — Um málskostnað fyrir undirrjetti á hinn áfrýjaði dómur að verða óraskaður, en eftir málavöxtum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutfjelagsins »Gissur hvíta« greiði stefnda Ingimundi N. Jóns syni 107 kr. 60 a. með 5 % ársvöxtum frá stefnu- degi 30. okt. 1917 til greiðsludags, og hefir stefndi sjóveðrjett í mótörbátinum »Geir goða« fyrir þessari upphæð. Hins vegar skal stefndi vera sýkn af kröfum áfrýjanda. Áfrýjandi greiði og stefnda 100 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum skal fullnæja áður 8 vikur sju liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagri laga-aðför.